

Reykjavík 25. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Grant Thornton endurskoðunar ehf. um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 með síðari breytingum (leigusamningar) sem birt var á samráðsgátt 19. nóvember 2019.

Við fögnum því að fram sé komið frumvarp sem tekur á og eyðir óvissu vegna áhrifa upptöku alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IFRS 16 sem tók gildi 1. janúar 2019 á reikningsskil íslenskra félaga. Þrátt fyrir það viljum við koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í fyrsta lagi viljum við benda á það að með þeirri breytingu á 5. mgr. 29. gr. laganna sem lögð er til í frumvarpinu er í raun verið að fella niður skyldu lítilla félaga og örfélaga til að færa fjármögnunarleigusamninga á efnahagsreikning. Hingað til hefur verið litið á slíka samninga sem jafngilda skuldsettum eignakaupum og færslu þeirra verið háttáð í samræmi við það. Raunar verður ekki betur séð en að þeim aðilum sem kjósa að færa leigusamninga ekki í samræmi við settar reikningsskilareglur eins og greinin heimilar verði óheimilt að færa fjármögnunarleigusamninga á efnahag. Þó svo að fallið sé frá þessum skilgreiningarmun fyrir leigutaka í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 16 teljum við að hún sé ef til vill enn viðeigandi í tilfalli þeirra félaga sem samkvæmt þessum lögum myndu kjósa að færa leigusamninga ekki í efnahag.

Í öðru lagi teljum við að færa megi rök fyrir því með sömu röksemdum og gilda um örfélög og lítil félög að sé undanþáguheimild færð í lög ætti hún einnig að ná til meðalstórra félaga eins og þau eru skilgreind í lögnum. Félög af þeirri stærðargráðu eru sjaldnast einingar tengdar almannahagsmunum og ná að okkar mati sömu röksemdir og lagðar eru fram í greiningargerð með frumvarpinu um afléttingu byrða til þessara félaga. Við gerum ekki athugasemd við að undanþága nái ekki til stórra félaga sé það ætlunin að lögfesta ákvæði reikningsskilastaðalsins. Búast má við að stór hluti félaga af þeirri stærðargráðu beiti IFRS og teljum við mikilvægt að þau sem ekki geri það beiti settum reikningsskilareglum vegna leigusamninga til að viðhalda samanburðarhæfni þarna á milli.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi